

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 221/2021

2024/EES/13/33

frá 9. júlí 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/447 frá 12. mars 2021 um að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 skv. 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/355 frá 25. febrúar 2021 um framkvæmdarráðstafanir á landsvísu varðandi úthlutun heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds á umbreytingatímabili í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 21alm (framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/708) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21aln. **32021 D 0355**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/355 frá 25. febrúar 2021 um framkvæmdarráðstafanir á landsvísu varðandi úthlutun heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds á umbreytingatímabili í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 221).

21alo. **32021 R 0447**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/447 frá 12. mars 2021 um að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 skv. 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 87, 15.3.2021, bls. 29).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/447 og ákvörðunar (ESB) 2021/355, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 87, 15.3.2021, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 221.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.